



Reglur Reykhólahrepps um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda.

1. gr. Almenn

Aukin eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á Reykhólum í Reykhólahreppi og mikið af lóðum til byggingaframkvæmda er ástæða þessa tímabundna verkefnis. Það er von sveitarstjórnar Reykhólahrepps að reglur þessar ýti undir nýbyggingar í sveitarfélaginu. Með reglunum eru gatnagerðargjöld tímabundið felld niður af tilbúnum lóðum til byggingar íbúðarhúsnæðis.

2. gr. Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að ýta undir nýbyggingar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vonast til þess að tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda leiði til aukins framboðs á íbúðarhúsnæði, bæði til eignar og leigu, en ásókn í tilbúna lóðir hefur verið mjög lítil undanfarin misseri.

3. gr. Skilyrði

Niðurfelling gatnagerðargjalda nær eingöngu til íbúðarhúsnæðis. Óheimilt er að nýta húsnæði, sem fengið hefur gatnagerðargjöld niðurfelld, til starfssemi sem útheimtir starfsleyfi. Gildir takmörkun þessi í fimm ár frá lokaúttekt húsnæðis. Þinglýsa skal kvöð á húsnæði sem fengið hefur gatnagerðargjald niðurfelld, um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir 1. mgr. Stafi það af útgáfu starfsleyfis, breyttri notkun eða öðru sem er háð samþykki og/eða umsögn byggingaryfirvalda, er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur niðurfellingar gatnagerðargjalds er ekki lengur fyrir hendi og eindagi einum mánuði síðar. Kvöð þessi er tímabundin og fellur hún brott að 5 árum liðnum miðað við lokaúttekt húsnæðis.

4. gr. Gildistími

Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda gildir í 12 mánuði frá samþykkt reglna þessara.

5. gr. Staðfestingargjald

Umsækjandi lóðar greiðir kr. 20.000 staðfestingargjald vegna lóðarumsóknar. Lóðarhafi greiðir tengigjöld vatnsveitu og fráveitu.

6. gr. Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar

Um heimild til afturköllunar lóðar vísast til almennra skilmála Reykhólahrepps um lóðaðhlutun og lóðagjöld, samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2014.

7. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast gildi þegar í stað, um leið fellur úr gildi samþykkt frá 14. september 2017.

Samþykkt af sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 14. desember 2017.

Ingibjörg B Erlingsdóttir
sveitarstjóri.